

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/525-4553
Fax nr. 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is/ioes
Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Skýrsla nr. C99:02

Áhrif kvótæignar á verðmæti sjávarútvegsfyrirtækja

Skýrsla til Auðlindanefndar

Febrúar 1999

Formáli

Að beiðni auðlindanefndar hefur Hagfræðistofnun framkvæmt lauslega athugun á því, hvort, og þá að hvaða marki, verðmæti sjávarútvegsfyrirtækja ráðist af kvótaeign þeirra. Í þessu skyni var beitt einfaldri aðfallsgreiningu þar sem reynt var að útskýra verðmæti sjávarútvegsfyrirtækja með ýmsum kennitölum rekstrar- og efnahagsreiknings auk markaðsvirðis kvótaeignar þeirra.

Skýrslan er unnin af Hauki C. Benediktssyni.

Hagfræðistofnun í febrúar 1999

Tryggvi Þór Herbertsson,
forstöðumaður.

Yfirlit

Samkvæmt viðteknum eignaverðskeningum er verðmæti fyrirtækja núvirði hagnaðar af rekstri þeirra.¹ Sé fyrirtæki skráð á hlutabréfamarkaði er markaðsvirði hlutafjárins jafnan talinn besti fánlegi mælikvarðinn á þetta verðmæti, enda séu viðskipti með hlutabréf þess óheft og virk. Þetta hlutabréfavirði hlýtur að vera vænt ("expected") núvirði hagnaðar fyrirtækisins að áliti markaðarins. Þetta virði köllum við markaðsvirði fyrirtækisins.

Allmörg sjávarútvegsfyrirtæki eru skráð á verðbréfaþingi. Gerð var tilraun til að útskýra markaðsvirði þeirra með hjálp línulegra aðfallsjafna (regression functions) og eftirtöldum útskýringarbreytum:

- (1) Hagnaði eftir skatta
- (2) Rekstrartekjum
- (3) Virði kvótaeignar
- (4) Virði heildareigna
- (5) Hagnaðarhlutfalli (hagnaður/rekstrartekjur)
- (6) Arðsemi eigna (hagnaður/virði eigna)
- (7) Arðsemi eigin fjár (hagnaður/eigið fé)
- (8) Veltufjárhlutfalli (veltufé/skammtímaskuldir)
- (9) Lausafjárhlutfalli ((veltufé-birgðir)/skammtímaskuldir)
- (10) Innra virði (Eigið fé/hlutafé)
- (11) Arðgreiðsluhlutfalli (arðgreiðslur/hlutafé)

Tiltæk gögn um ofangreindar stærðir gáfu af sér 23 nothæfar athuganir fyrir rekstrar-árin 1995-1997. Rétt er hins vegar að taka fram, að með viðameiri gagnaöflun væri sennilega unnt að fjölga nothæfum athugunum talsvert.

Helstu niðurstöður aðfallsgreiningarinnar voru eftirfarandi:

- Einungis breytur (2), (3) og (4) virðast útskýra markaðsvirðið. Hinar breyturnar reyndust tölfræðilega ómarktækar.
- Samanlagður útskýringarmáttur þessara breyta var í námunda við 75% af breytileika markaðsvirðisins.
- Kvótavirði, þ.e. markaðsvirði kvótaeignar, reyndist í öllum tilfellum tölfræðilega marktækt og hafa verulegt útskýringargildi fyrir markaðsvirði fyrirtækjanna.
- Aðfallsgreiningin bendir til þess að um það bil ??% af markaðsvirði sjávarútvegsfyrirtækjanna megi að jafnaði rekja til markaðsvirðis kvótanna.

Í þessari greinargerð eru þau sjávarútvegsfyrirtæki² sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands á tímabilinu 1992 – 1998 athuguð og reynt að útskýra markaðsvirði fyrirtækjanna með:

- einkennistöllum rekstrar- og efnahagsreiknings
- arðgreiðslum

¹ Þar með talið upplausn þeirra og sala ef svo ber undir.

² Þau sjávarútvegsfyrirtæki sem eiga kvóta eru eingöngu með í úrtakinu. Fyrirtæki eins og Íslenskar sjávarafurðir sem eru skráð hjá Verðbréfaþingi Íslands sem sjávarútvegsfyrirtæki en eiga engan kvóta eru ekki með í athuguninni.

- kvótaeign

Greinargerðin skiptist í eftirfarandi hluta. Í hluta A er fjallað um gögnin, í hluta B er fjallað í stuttu máli um aðferðarfræðina og að lokum er fjallað um niðurstöðurnar í hluta C.

A. GÖGNIN

Ferns konar gagnalindir voru nýttar í þessu verkefni. Upplýsingar um árlega kvótaúthlutun voru í Kvótabókinni og um kvótaverðið hjá Þjóðhagsstofnun. Helstu lykiltölur úr ársreikningum fyrirtækjanna fengust úr ritröðinni Íslenskt atvinnulíf sem gefið er út af Talnakönnun hf. og upplýsingar um hlutabréfagengi fengust hjá Verðbréfaþingi Íslands. Árið 1998 voru 13 sjávarútvegsfyrirtæki sem falla undir skilgreiningu okkar skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Í 1. töflu í viðauka er tilgreint hvenær fyrirtækin voru skráð á Verðbréfaþinginu. Hér á eftir verður fjallað um þær upplýsingar sem fengust hjá sérhverjum aðila.

KVÓTAÚTHLUTUN

Upplýsingar um kvótaeign skipt eftir tegundum og eftir fyrirtækjum fengust sem fyrr segir úr Kvótabókinni. Eingöngu reyndist unnt að nálgast þessar upplýsingar fyrir fiskveiðiárin 1995 – 1999 og eru þær birtar í 2. töflu í viðauka.³

KVÓTAVERÐ

Upplýsingar um kvótaverð fengust hjá Þjóðhagsstofnun. Þessar upplýsingar koma frá kvótasíðum LÍÚ og sýna meðalverð á aflahlutdeildum fyrir nokkrar helstu kvóta-tegundir. Í nokkrum tilfellum eru verðin byggð á verðhugmyndum kaupenda og seljenda en ekki raunverulegum samningum. Í 3. töflu í viðauka er yfirlit yfir kvótaverðið.

EINKENNISTÖLUR REKSTRAR- OG EFNHAHAGSREIKNINGS

Upplýsingar um helstu lykiltölur rekstrar- og efnahagsreiknings fyrirtækjanna eru fengnar úr ritröðinni Íslenskt atvinnulíf og fengust upplýsingar fyrir flest fyrirtækin á tímabilinu 1992 – 1997 svo og hálfársuppgjör fyrir 1998.

Ósamræmi er á milli reikningsárs og fiskveiðiárs hjá flestum fyrirtækjanna. Fiskveiðiríði er 1.9. – 31.8. en flest fyrirtækin miða reikningsár sitt við almanaksárið. Því var kvótastaða 1. sept. ár hvert talin samsvara markaðsvirði fyrirtækis þess árs. Sum fyrirtækjanna hafa þó tekið upp þann sið að hafa reikningsárið það sama og fiskveiðiárið. Þetta skapar hins vegar ósamræmi milli fyrirtækja. Í slíkum tilfellum falla reikningsár og rekstrarár saman.

Fjárhagslegar kennitölur segja fátt einar og sér. Þær verður ávallt að skoða í samhengi við aðrar stærðir og gagnlegast er að horfa til nokkurra ára og bera saman við önnur sambærileg fyrirtæki. Þær kennitölur sem hér hafa verið reiknaðar eru eftirfarandi:

- Hagnaðarhlutfall (ROS) = Hagnaður eftir skatta / Rekstrartekjur
- Arðsemi fjárfestinga (ROTA) = Hagnaður eftir skatta / Eignir alls
- Arðsemi eigin fjár (ROE) = Hagnaður eftir skatta / Eigið fé
- Veltufjárhlutfall = Veltufjármunur / Skammtímaskuldir

³ Fiskveiðiárið er 1. september til 31. ágúst.

- Lausafjárhlutfall = (Veltufjármunir – birgðir) / Skammtímaskuldir
- Innra virði = Eigið fé / hlutafé
- Arðgreiðslur (hlutfall)

Í aðhvarfsgreiningunni verða þessar kennitölur notaðar auk þess sem reynt verður að nota þá liði sem þessar kennitölur samanstanda af. Í 4. töflu í viðauka er yfirlit yfir helstu stærðir í efnahags- og rekstrarreikningum fyrirtækjanna.

GENGI

Hjá Verðbréfaþingi Íslands fengust upplýsingar um gengi hlutabréfa sjávarútvegsfyrirtækjanna. Markaðsvirði þeirra í þessari skýrslu miðast við vegið⁴ meðaltal af gengi bréfanna í desember ár hvert.

B. AÐFERÐARFRÆÐIN

Notast var við einfalda línulega aðhvarfsgreiningu sem gengur út á að lágmarka kvaðratvillu.

Keyrðir voru tveir flokkar líkana. Í fyrri flokknum er háða stærðin markaðsvirði hlutafjár fyrirtækisins, þ.e. nafnverð hlutafjár margfaldað með gengi. Í síðara flokknum er háða breytan svokallað heildarverðmæti fyrirtækja. Heildarverðmæti fyrirtækja samanstendur annars vegar af markaðsverðmæti hlutafjár og hins vegar af skuldum, bæði langtíma og skammtíma. Ástæðan fyrir þessu er sú að gengi hlutabréfanna ræðst meðal annars af skuldastöðu fyrirtækisins, þ.e. hluthafar eru búnir að taka skuldastöðu fyrirtækisins inn í sína verðlagningu á hlutafénu. Þeir eru þannig eingöngu búnir að verðleggja hreint verðmæti hlutafjárins. Því hlýtur heildarverðmæti fyrirtækis að samanstanda af markaðsvirði hlutafjárins og markaðsvirði skuldanna. Heildarverðmæti fyrirtækisins lýsir því hvernig markaðurinn verðmetur bæði veltufjármuni og fastafjármuni fyrirtækisins. Þar sem áhuginn beinist sérstaklega á áhrif kvótaverðmætis á heildarverðmæti fyrirtækisins og kvóti er í flestum tilfellum skilgreindur sem fastafjármunir eru veltufjármunir dregnir frá heildarverðmæti fyrirtækisins til að eftir standi í raun og veru heildarverðmæti fastafjármuna fyrirtækisins.

C. NIÐURSTÖÐUR

Eins og sést í töflum 1 – 4 í viðaukanum er gagnasafnið ekki stórt. Aðeins er um að ræða 23 athuganir. Ástæðan er sú að eingöngu er hægt að skoða tímabilið 1995 – 1997 þar sem upplýsingar um kvótaúthlutun skipt eftir fyrirtækjum ná eingöngu frá 1. september 1995 og upplýsingar úr ársreikningum fyrirtækja ná yfirleitt ekki lengra nema til ársloka 1997.⁵ Þetta og sú staðreynd að mörg fyrirtækjanna eru ekki skráð á Verðbréfaþinginu fyrr en á árinu 1997 leiðir til þess að hluti fyrirtækjanna er ekki með í úrtakinu. Til dæmis detta fyrirtækin Básafell og Tangi algerlega út þar sem þau eru nýskráð á Verðbréfaþinginu árið 1998. Fiskiðjusamlag Húsavíkur er heldur ekki með í úrtakinu þó að það hafi verið skráð á árinu 1997, en ekki voru til upplýsingar fyrir kvótaárið 1996/1997 og niðurstöður úr ársreikningum eru ekki komnar fyrir reikningsárið 1997/1998 (þeir gera upp samkvæmt fiskveiðiárinu). Síðasta árið fellur

⁴ Vegið með stærð viðskipta.

⁵ Fyrir sum fyrirtækin eru þó komnar árshlutareikningar fyrir 1998 en þeir eru ekki notaðir.

líka út hjá Vinnslustöðinni þar sem þeir gera upp samkvæmt fiskveiðiarinu og upplýsingar úr ársreikningum liggja ekki fyrir. Einnig falla fyrstu tvö árin út hjá eftirfarandi fyrirtækjum, Hraðfrystihúsi Eskifjarðar, Jökli og Samherja.

Hér er því um að ræða 23 athuganir sem notaðar eru. Því verður að túlka niðurstöðurnar í því ljósi. Í töflu C.1 er yfirlit yfir breytturnar og skammstafanir þeirra.

C.1. TAFLA. BREYTURNAR OG SKAMMSTAFANIR ÞEIRRA

Breyturnar	Skammstöfun
Lausafjárhlutfall	ATEST
Veltufé	CASSET
Arðshlutfall	DIV
Eigið fé	EQUITY
Rekstrartekjur	INCOME
Innra virði (Eigið fé / hlutfé)	IV
Markaðsvirði hlutfjár	MVALUE
Nafnverð hlutabréfa	NOMSHARE
Hagnaður eftir skatta	PROFITAT
Kvótaverðmæti	QUOTAVAL
Arðsemi eigin fjár	ROE
Hagnaðarhlutfall	ROS
Arðsemi fjárfestinga	ROTA
Vegið meðaltal lokagengis	SHARE
Skammtímaskuldir	SHORTDEBT
Langtímaskuldir	LONGDEBT
Heildareignir	TASSET
Markaðsverðmæti fyrirtækis ⁶	TOTAL_VALUE

Keyrð er einföld línuleg aðhvarfsgreining og eru niðurstöðurnar og umræður um þær birtar hér að neðan.

⁶ Samkvæmt skilgreiningu hér að ofan.

EINFÖLD LÍNULEG AÐHVARFSGREINING, NIÐURSTÖÐUR

Í töflu C.2. eru birtar niðurstöður ýmissa keyrslna þar sem markaðsvirði hlutafjár er háða stærðin (p-gildi eru í sviga).

C.2. TAFLA. STIKAMATIÐ

Háð: Markaðs virði hlutafjár	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3	Líkan 4	Líkan 5	Líkan 6
Fasti	-447,37 (0,41)	-1.094,21 (0,08)	2.790,43 (0,00)	278,47 (0,65)	-777,66 (0,25)	2.539,93 (0,04)
Eigið fé	2,32 (0,00)					
Rekstrartekjur		1,46 (0,00)				
Hagn. e. skatta			3,07 (0,25)			
Kvótaverðmæti				0,82 (0,00)		
Heildareignir					0,91 (0,00)	
Arður						13.139,76 (0,41)
R ²	0,74	0,75	0,02	0,62	0,68	-0,01
DW	1,34	1,45	2,06	1,89	1,10	2,04
SIC	17,19	17,17	18,52	17,60	17,41	18,55

Einnig voru eftirfarandi útskýristærðir notaðar: lausafjárhlutfall, innra virði, arðsemi eigin fjár, hagnaðarhlutfall og arðsemi fjárfestinga. Stikarnir voru ekki marktækir frekar en stikinn við arð í 6. líkani. Samkvæmt töflunni hér að ofan virðist hagnaður eftir skatta heldur engin áhrif hafa á markaðsvirði hlutafjárins. Verðmæti kvótans virðist hafa marktæk áhrif á markaðsvirði hlutafjárins (þ.e. gengi) en mesta útskýringamáttinn virðast þó eigið fé og rekstrartekjur hafa. Í töflu C.3. er niðurstöður úr aðfallsgreiningu þar sem tvær óháðar breytur útskýra markaðsvirði hlutafjár í stað einnar.


C.3. TAFLA. STIKAMATIÐ

Háð: Markaðsvirði hlutafjár	Líkan 7	Líkan 8	Líkan 9
Fasti	-1.090,19 (0,07)	-1.103,56 (0,08)	-858,16 (0,18)
Rekstrartekjur	1,02 (0,00)	1,34 (0,02)	
Kvótavirði	0,34 (0,04)		0,42 (0,02)
Heildareignir		0,07 (0,84)	0,57 (0,00)
R ²	0,78	0,74	0,74
DW	1,65	1,40	1,51
SIC	17,14	17,30	17,32

Samkvæmt töflu C.3 er líkan 7 best, það hefur lægsta SIC-gildið, allir stikarnir eru marktækir miðað við 5% öryggismörk og unnt er að hafna því að fyrstu gráðu

sjálffylgni sé í afgangliðunum.⁷ Augljóst er að rekstrartekjur eru m.a. mælikvarði á hversu stórt fyrirtækið er og því er augljóst að samband hlýtur að vera á milli stærðar og markaðsvirðis hlutafjár. Samkvæmt líkani 7 eru það því rekstrartekjur og kvótaverðmæti sem hafa mest áhrif á markaðsvirði hlutafjár.

Til frekari glöggvunar var athugað hversu sterk hlutafylgnin væri á milli markaðsvirðis hlutafjár og kvótaverðmætis þegar búið er að leiðrétta fyrir áhrifum rekstrartekna. Á mynd C.1 sést þetta samband vel.



Mynd C.1. Hlutafylgni á milli markaðsvirði hlutafjár og kvótaverðmætis

Fylgnistuðullinn er 0,44.

En hvað hefur mest áhrif á heildarverðmæti fyrirtækisins? Í töflu C.4 eru niðurstöður aðhvarfsgreiningum þar sem háða stærðin er heildarverðmæti fyrirtækjanna.

⁷ Miðað er við að prófstærðin verði að vera stærri en 1,54 til að hægt sé að hafna því að um fyrstu gráðu sjálffylgni í afgangliðunum sé að ræða.

C.4. TAFLA. STIKAMATIÐ

Háð: Heildarvirði	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3	Líkan 4	Líkan 5	Líkan 6
Fasti	199,21 (0,74)	-860,56 (0,14)	4.848,15	1.361,17 (0,10)	-690,49 (0,23)	5.097,54 (0,00)
Eigið fé	3,20 (0,00)		(0,00)			
Rekstrartekjur		2,04 (0,00)				
Hagn. e. skatta			3,27 (0,35)			
Kvótavirði				1,08 (0,00)		
Heildareignir					1,34 (0,00)	
Arður						6.253,07 (0,77)
R ²	0,81	0,87	0,00	0,64	0,87	-0,04
DW	1,51	1,84	1,92	1,51	1,16	1,85
SIC	17,42	17,08	19,10	18,13	17,08	19,13

Enn og aftur er það rekstrartekjurnar sem útskýra best breytileikann í heildarverðmæti fyrirtækjanna enda má gera ráð fyrir að rekstrartekjurnar séu góður mælikvarði á stærð fyrirtækjanna. Kvótaverðmætið er þó einnig marktækt og samkvæmt því ef kvótaverðmætið eykst um milljón krónur þá eykst heildarvirði fyrirtækisins um 1,08 milljónir króna. Einnig var keyrt á aðrar kennitölur en engin þeirra gaf marktæka niðurstöðu.

Í töflu C.5. er niðurstöður úr fleiri keyrslum þar sem hafðar eru tvær óháðar breytur í stað einnar.

C.5. TAFLA. STIKAMATIÐ

Háð: Heildarvirði	Líkan 7	Líkan 8	Líkan 9
Fasti	-863,99 (0,14)	-947,62 (0,09)	-776,85 (0,16)
Rekstrartekjur	1,67 (0,00)	1,06 (0,04)	
Kvótavirði	0,31 (0,06)		0,34 (0,03)
Heildareignir		0,69 (0,04)	1,08 (0,00)
R ²	0,88	0,89	0,89
DW	1,82	1,42	1,45
SIC	17,08	17,01	17,02

Ekki eru jafn afdráttalaugar niðurstöður hérna og þegar notað var markaðsvirði hlutfjár sem háða stærðin. Kvótaverðmæti virðist þó vera marktæk útskýribreyta í þessum aðhvarfsgreiningum. Hlutfyllgnin á milli heildarverðmætis fyrirtækjanna og kvótaverðmætis þegar búið er að leiðrétta m.t.t. rekstrartekna er 0,41 en 0,47 þegar búið er að leiðrétta m.t.t. heildareigna.

Af ofangreindu má ráða að kvótaverðmæti hefur áhrif á verðmæti þeirra fyrirtækja sem að í úrtakinu eru, sama hvor mælikvarðinn, markaðsvirði hlutfjár eða heildarvirði, er notaður til að skilgreina verðmæti fyrirtækjanna.

Einnig var athugað hvort að kvótavirði hefði einhver áhrif á hagnað eftir skatta. Niðurstaðan var sú að ekkert samband er þarna á milli og er þetta afar áhugaverð niðurstaða.

Til að finna það hlutfall af markaðsverðmæti hlutfjár sem að kvótavirði stendur fyrir var notað einfalt Cobb-Douglas fall, þ.e.:

$$MVALUE = \alpha \times QUOTAVAL^\beta \times \exp^\varepsilon$$

$$\ln(MVALUE) = \ln(\alpha) + \beta \times \ln(QUOTAVAL) + \varepsilon$$

þar sem að β táknar þetta hlutfall. Einnig var keyrt Cobb-Douglas fall þar sem var bæði notað kvótaverðmæti og rekstrartekjur og athugað hvort um fasta stærðarhagkvæmni væri að ræða. Niðurstöðurnar er í töflu C.6.

C.6. TAFLA. COBB-DOUGLAS, STIKAMAT

Háð: Heildarvirði	Líkan 10	Líkan 11
Fasti	-0,245 (0,85)	-2,49 (0,05)
Rekstrartekjur		0,81 (0,00)
Kvótavirði	1,01 (0,00)	0,49 (0,02)
R^2	0,64	0,80
DW	2,06	2,41
SIC	1,36	0,93

Samkvæmt töflu C.6 þá standa rekstrartekjur fyrir ríflega 80% af markaðsverðmæti hlutfjárins en kvótavirði fyrir um 50%. Þetta ætti að vera samtals 100% ef um fasta stærðarhagkvæmni væri að ræða en svo er ekki. Athugað var hvort að samtala þessara tveggja hlutfalla væri tölfræðilega marktækt frábrugðin 100% og ekki hægt er að hafna því við 5% marktæktarkröfu, þ.e. hér er ekki um fasta stærðarhagkvæmni að ræða.

VIÐAUKI

1. TAFLA. NÝSKRÁNING FYRIRTÆKJA Á VERÐBRÉFAÞINGI ÍSLANDS

Fyrirtækin	Nýskráð
Básafell	6/18/1998
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	8/28/1997
Grandi	12/31/1989
Haraldur Böðvarsson	11/2/1994
Hraðfrystihús Eskifjarðar	11/27/1997
Jökull	1/21/1997
Samherji	6/12/1997
Síldarvinnslan	10/12/1994
Skagstrendingur	8/21/1992
Tangi	
Útgerðarfélag Akureyringa	2/19/1993
Vinnslustöðin	12/30/1994
Þormóður Rammi/Sæberg	12/4/1992

2. TAFLA. KVÓTAEIGN EFTIR TEGUNDUM OG FYRIRTÆKJUM

Fyrirtæki Tonn	ÁR	Porskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Stein- bítur	Grá- lúða	Skar- koli	Lang- lúra	Sand- koli	Skráp- flúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs- rækja	Innfj.- rækja	Skel	Porsk- ígildi
Básafell	95-96	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na
Básafell	96-97	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na
Básafell	97-98	288	526	204	584	141	348	190	0	1	2	1	0	0	4.272	76	0	10.475
Básafell	98-99	1.694	264	119	354	428	183	55	1	1	2	1	0	0	3.267	0	0	7.154
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	95-96	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	96-97	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na	na
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	97-98	1.544	289	220	182	9	143	66	0	0	0	0	0	0	1.572	275	0	4.739
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	98-99																	
Grandi	95-96	2.015	1.062	4.800	10.601		810	44				0	0		636			16.373
Grandi	96-97	2.732	847	3.511	11.033	29	632	42	0			0	0	0	0	0	0	16.101
Grandi	97-98	3.378	890	1.838	11.033	36	422	33	0	0	1	0	0	0	0	0	0	14.175
Grandi	98-99	3.761	702	1.963	11.063	39	447	41	0	0	1	0	0	0	0	0	0	14.563
Haraldur Böðvarsson	95-96	1.274	636	1.357	3.545		542	68				1.386	45.532		743			9.696
Haraldur Böðvarsson	96-97	2.341	736	1.318	5.042	20	544	77	0			2.440	58.185	0	870	0	0	14.501
Haraldur Böðvarsson	97-98	4.220	1.360	1.149	7.589	71	478	132	9	4	3	4	61	8.342	1.650	0	0	19.197
Haraldur Böðvarsson	98-99	4.863	1.033	1.129	7.589	68	478	103	9	4	3.309	3	73.518	8.334	1.320	0	0	21.189
Hraðfrystihús Eskifjarðar	95-96	482	219	299	346		172	1				0	43.610		1.460			5.098
Hraðfrystihús Eskifjarðar	96-97	652	215	219	360	14	134	1	0			0	59.963	0	1.552	0	0	7.368
Hraðfrystihús Eskifjarðar	97-98	1.621	407	330	687	44	129	4	0	0	2	0	46	0	1.940	0	0	8.166
Hraðfrystihús Eskifjarðar	98-99	1.397	240	252	523	32	109	3	0	0	2	0	56	0	1.552	0	0	8.788
Jökull	95-96	663	198	186	157		133	10				1.386	0		291	200		1.951
Jökull	96-97	1.375	319	231	21	58	107	2	1			0	0	0	463	225	0	2.840
Jökull	97-98	1.688	223	120	30	54	73	9	0	0	4	0	0	0	121	275	0	4.006
Jökull	98-99																	
Samherji	95-96	2.890	870	1.184	3.374		1.116	114				0	0		4.726			13.968
Samherji	96-97	4.281	870	1.153	4.155	37	988	133	0			3.640	26.515	0	5.161	0	0	19.103
Samherji	97-98	6.628	1.174	617	3.916	116	752	54	0	0	0	7	35	0	5.668	0	0	22.599
Samherji	98-99	10.217	1.060	769	4.282	118	900	97	0	0	0	5	38	0	3.961	0	0	25.519
Síldarvinnslan	95-96	1.782	814	1.268	676		419	25				1.386	40.200		1.942			8.722
Síldarvinnslan	96-97	2.258	649	927	703	45	327	24	0			2.440	55.275	0	1.849	0	0	10.835
Síldarvinnslan	97-98	2.456	653	579	668	57	209	21	0	0	0	3	43	0	2.165	0	0	10.055
Síldarvinnslan	98-99	2.880	514	586	672	55	211	17	0	0	0	3	52	0	1.897	0	0	11.632
Skag-strengingur	95-96	1.930	1.073	784	944		751	117				0	0		548			6.274
Skag-strengingur	96-97	2.610	856	573	983	61	587	112	0			0	0	0	522	0	0	6.704

Fyrirtæki Tonn	ÁR	Porskur	Ýsa	Ufsi	Karfí	Stein- bítur	Grá- lúða	Skar- koli	Lang- lúra	Sand- koli	Skráp- flúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs- rækja	Innfj.- rækja	Skel	Porsk- ígildi
Skag-strendingur	97-98	3.556	961	418	1.009	86	399	86	0	0	1	0	0	0	806	0	0	7.571
Skag-strendingur	98-99	3.788	599	291	1.009	82	399	67	0	0	1	0	0	0	821	0	0	7.306
Tangi	95-96	685	329	566	405		139	0				0	0		0			1.917
Tangi	96-97																	
Tangi	97-98	1.113	336	151	531	27	96	26	0	0	0	0	2	0	0	0	0	2.314
Tangi	98-99																	
Útgerðarfélag Akureyringa	95-96	3.696	1.687	1.617	4.987		1.921	152				0	0		567			14.462
Útgerðarfélag Akureyringa	96-97	5.000	1.345	1.503	5.190	113	1.500	115	0			0	0	0	540	0	0	15.757
Útgerðarfélag Akureyringa	97-98	6.206	1.415	970	5.223	141	1.000	88	0	0	0	0	0	0	676	0	0	15.289
Útgerðarfélag Akureyringa	98-99	8.983	1.255	1.078	5.231	284	1.006	128	0	2	0.918	0	0	0	585	0	0	17.926
Vinnslustöðin	95-96	1.255	932	2.650	1.753		148	171				5.546	22.239	15	342			7.638
Vinnslustöðin	96-97	2.080	988	1.846	1.696	73	29	82	9			2.440	30.579	15	0	0	343	8.296
Vinnslustöðin	97-98	3.681	1.410	1.414	1.938	136	20	94	10	102	68	2	11	12	143	0	0	9.051
Vinnslustöðin	98-99																	
Þormóður Rammi	95-96	1.233	359	649	949		349	87				0	804		2.661			6.151
Þormóður Rammi	96-97	1.668	286	475	987	3	272	84	0			0	0	0	2.535	0	0	6.319
Þormóður Rammi/Sæberg	97-98	5.813	1.159	742	3.085	100	611	303	0	0	3	0	0	0	6.221	0	0	18.955
Þormóður Rammi/Sæberg	98-99	6.539	888	638	2.985	91	612	293	0	0	3	0	0	0	5.053	0	0	17.786

3. TAFLA. KVÓTAVERÐ (KR/KG)

ÁR	Porskur	Ýsa	Ufsi	Karfí	Stein- bítur	Grá- lúða	Skar- koli	Síld	Humar	Úthafs- rækja
91-92	186,25	170,00	85,00	86,25	na	155,00	130,00	11,25	2.075,00	86,25
92-93	190,00	132,50	72,50	82,50	na	155,00	128,75	11,00	2.025,00	80,00
93-94	200,00	90,00	65,00	85,00	na	155,00	118,75	na	1.650,00	86,25
94-95	348,77	85,62	60,15	85,00	na	160,00	121,15	13,27	1.707,69	178,46
95-96	532,31	121,15	59,08	153,85	na	166,15	125,31	36,69	2.019,23	353,85
96-97	630,77	248,85	90,08	256,15	133,46	263,85	158,08	74,31	2.076,92	412,31
97-98	733,33	330,00	210,50	340,00	171,67	na	215,00	na	na	387,33

4. TAFLA. HELSTU EINKENNISTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGUM (MKR.)

Fyrirtæki	ÁR	Arður v/ árs	Jöfnun v/ árs	Nafnvirði hlutab.*	Innra virði*	Rekstrar- tekjur	Hagn. e/skatta	Veltu- fé	Heildar eignir	Skammtíma skuldir	Eigið fé	Lausafjár hlutfall	Handbært fé frá rekstri
Básafell	12/95	0.00	0.07	341	1.10	2,296	134	742	2,775	1,029	365	0.20	na
Básafell	12/96	0.00	0.00	506	2.10	2,774	-307	855	5,100	1,594	1,211	0.20	-43
Básafell	8/98	0.00	0.00	714	2.30	1,297	112	932	6,230	859	1,638	0.60	-687
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	12/92	0.00	0.00	187	-0.10	1,087	-12	189	477	265	-20	0.10	25
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	12/93	0.00	0.00	187	0.00	1,251	-12	237	549	302	6	0.10	20
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	8/94	0.00	0.00	187	0.04	859	31	261	551	319	7	0.10	45
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	8/95	0.00	0.00	288	1.00	1,448	173	484	1,047	510	300	0.30	52
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	8/96	0.00	0.00	520	0.50	1,584	-186	607	2,081	905	266	0.20	-211
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	8/97	0.00	0.00	620	1.10	2,064	132	673	2,895	909	684	0.40	65
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	2/98	na	na	620	1.20	1,267	39	602	2,787	556	728	0.20	-14
Grandi	12/92	0.05	0.00	995	1.50	2,446	-156	596	3,834	484	1,467	0.70	257
Grandi	12/93	0.08	0.10	995	1.50	2,895	108	673	4,349	520	1,522	0.50	542
Grandi	12/94	0.08	0.00	1,095	1.50	3,863	156	799	5,013	791	1,603	0.40	515
Grandi	12/95	0.10	0.00	1,195	1.60	3,772	223	684	5,319	730	1,961	0.30	650
Grandi	12/96	0.08	0.10	1,345	1.90	3,831	180	843	6,139	642	2,613	0.40	295
Grandi	12/97	0.09	0.00	1,479	2.10	3,914	516	913	6,271	535	3,072	0.90	794
Grandi	6/98	na	na	1,479	2.20	1,960	324	840	6,837	611	3,297	0.80	611
Haraldur Böðvarsson	12/92	0.03	0.00	320	1.60	1,730	-90	405	2,688	513	502	0.30	244
Haraldur Böðvarsson	12/93	0.00	0.00	320	1.50	2,032	-43	533	2,794	540	465	0.30	57
Haraldur Böðvarsson	12/94	0.06	0.00	400	1.70	2,189	103	488	2,712	303	700	0.50	263
Haraldur Böðvarsson	12/95	0.08	0.10	450	2.10	2,186	124	559	2,923	373	933	0.70	304
Haraldur Böðvarsson	12/96	0.08	0.18	645	2.50	2,821	208	784	4,413	646	1,585	0.50	389
Haraldur Böðvarsson	12/97	0.07	0.00	1,100	2.30	4,223	536	939	6,186	695	2,481	0.30	389
Haraldur Böðvarsson	6/98	na	na	1,100	2.50	2,270	254	1054	6,554	908	2,765	0.30	330
Hraðfrystihús Eskifjarðar	12/92	0.03	0.00	158	1.10	1,546	165	313	1,614	540	169	0.20	118
Hraðfrystihús Eskifjarðar	12/93	0.05	0.00	171	1.50	1,789	54	384	1,856	503	254	0.30	162
Hraðfrystihús Eskifjarðar	12/94	0.05	1.00	170	2.30	1,991	148	436	2,119	586	392	0.30	190
Hraðfrystihús Eskifjarðar	12/95	0.07	0.00	346	1.70	2,046	181	585	2,606	728	581	0.40	53
Hraðfrystihús Eskifjarðar	12/96	0.10	0.10	346	2.40	3,106	312	466	3,266	636	845	0.30	644
Hraðfrystihús Eskifjarðar	12/97	0.10	0.10	380	2.80	2,823	241	658	3,813	796	1,057	0.40	423
Hraðfrystihús Eskifjarðar	6/98	na	na	419	3.20	1,729	275	1,046	4,350	1,163	1,327	0.30	437
Jökull	12/92	0.00	0.00	59	1.30	149	3	39	206	43	76	0.70	3
Jökull	12/93	0.00	0.00	63	1.20	118	-11	68	257	49	77	1.30	8
Jökull	12/94	0.00	0.00	63	1.20	547	-2	125	523	142	74	0.30	3
Jökull	12/95	0.10	0.00	63	1.70	953	59	169	974	295	104	0.30	100
Jökull	12/96	0.05	0.51	82	2.40	975	1	252	1,290	451	199	0.40	-68
Jökull	12/97	0.07	0.85	199	4.10	958	234	317	2,636	569	810	0.40	185
Jökull	6/98	na	na	409	2.10	410	-69	324	2,949	550	850	0.40	-67
Samherji	12/95	0.10	0.00	97	16.10	4,914	551	1,967	7,416	2,008	1,556	0.30	326
Samherji	12/96	0.05	0.00	1,117	2.00	5,772	632	2,174	8,988	2,423	2,235	0.30	796
Samherji	12/97	0.07	0.00	1,375	2.70	7,405	204	2,461	10,667	2,533	3,687	0.50	524

Fyrirtæki	ÁR	Arður v/ árs	Jöfnun v/ árs	Nafnvirði hlutabr.*	Innra virði*	Rekstrar- tekjur	Hagn. e/skatta	Veltu- fé	Heildar eignir	Skammtíma skuldir	Eigið fé	Lausafjár hlutfall	Handbært fé frá rekstri
Samherji	6/98	na	na	1,371	3.00	4,809	506	3,148	12,925	4,464	4,122	0.40	987
Síldarvinnslan	12/92	0.05	0.00	162	2.00	2,014	79	460	1,913	547	328	0.30	193
Síldarvinnslan	12/93	0.06	0.10	197	2.40	2,139	50	520	2,692	654	480	0.20	233
Síldarvinnslan	12/94	0.06	0.20	220	2.70	2,703	119	581	2,756	580	594	0.20	163
Síldarvinnslan	12/95	0.07	0.10	320	2.80	2,620	165	640	3,178	621	905	0.60	272
Síldarvinnslan	12/96	0.10	1.00	400	4.10	3,539	494	920	4,497	1,009	1,640	0.60	349
Síldarvinnslan	12/97	0.07	0.00	880	2.80	4,122	332	1,045	5,411	745	2,494	0.90	585
Síldarvinnslan	6/98	na	na	880	3.00	2,204	209	1,115	6,151	878	2,669	0.80	278
Skagstrendingur	12/92	0.06	0.00	159	3.60	700	-75	319	2,044	190	578	1.20	134
Skagstrendingur	12/93	0.00	0.00	159	2.00	1,032	-258	473	2,017	271	322	0.80	-36
Skagstrendingur	12/94	0.00	0.00	159	1.50	1,018	-82	420	1,855	322	236	0.80	170
Skagstrendingur	12/95	0.05	0.20	176	2.10	1,002	71	302	1,319	264	364	0.60	261
Skagstrendingur	12/96	0.05	0.10	261	2.30	1,365	40	794	2,665	800	640	0.20	-114
Skagstrendingur	12/97	0.05	0.00	313	2.20	1,715	-11	371	2,121	344	683	0.30	191
Skagstrendingur	6/98	na	na	313	2.40	985	73	564	2,287	538	751	0.50	-68
Tangi	12/93	0.00	0.00	293	1.00	622	-31	198	934	202	303	0.20	33
Tangi	12/94	0.00	0.00	297	na	517	-5	151	888	162	328	0.20	na
Tangi	12/95	0.00	0.00	302	1.10	642	2	165	1,242	299	335	0.20	73
Tangi	12/96	0.00	0.00	498	1.10	1,155	-4	283	1,632	393	557	0.30	13
Tangi	12/97	0.04	0.00	502	1.20	1,667	67	506	2,105	476	624	0.50	-28
Útgerðarfélag Akureyringa	12/92	0.06	0.00	531	3.00	2,444	10	637	3,487	478	1,576	0.40	181
Útgerðarfélag Akureyringa	12/93	0.10	0.10	573	3.20	2,932	112	939	4,024	648	1,833	0.80	418
Útgerðarfélag Akureyringa	12/94	0.10	0.20	634	3.10	3,251	155	1,191	5,033	1,074	1,843	0.60	371
Útgerðarfélag Akureyringa	12/95	0.10	0.00	767	2.60	3,267	141	1,233	5,228	779	1,970	0.70	95
Útgerðarfélag Akureyringa	12/96	0.05	0.00	826	2.30	4,494	-124	1,326	5,883	968	2,021	0.50	-34
Útgerðarfélag Akureyringa	12/97	0.05	0.00	847	2.20	4,550	-132	1,490	7,007	1,658	1,867	0.50	417
Útgerðarfélag Akureyringa	6/98	na	na	849	2.40	1,663	192	658	5,938	933	2,037	0.30	332
Vinnslustöðin	8/92	0.00	0.00	260	0.90			528	3,006	1,002	231	0.30	
Vinnslustöðin	8/93	0.00	0.00	282	-0.20	2,501	-343	789	3,765	1,636	-70	0.20	-133
Vinnslustöðin	8/94	0.03	0.00	282	0.50	2,938	215	604	3,300	1,066	152	0.20	242
Vinnslustöðin	8/95	0.00	0.00	562	0.60	2,645	-92	903	3,807	1,320	317	0.40	124
Vinnslustöðin	8/96	0.00	0.00	794	1.60	3,153	598	924	4,704	883	1,289	0.60	-64
Vinnslustöðin	8/97	0.00	0.00	1,325	1.90	3,602	99	1,074	7,498	943	2,539	0.50	75
Vinnslustöðin	2/98	na	na	1,325	1.80	1,233	-226	1,566	7,430	1,437	2,332	0.60	133
Þormóður Rammi	12/92	0.04	0.00	290	1.50	1,027	-45	287	1,540	167	444	0.90	64
Þormóður Rammi	12/93	0.10	0.20	290	2.00	1,512	111	438	1,767	176	585	0.90	138
Þormóður Rammi	12/94	0.10	0.20	348	2.00	1,669	126	452	1,844	219	688	0.90	292
Þormóður Rammi	12/95	0.10	0.20	418	2.10	1,971	202	499	1,945	214	869	0.50	237
Þormóður Rammi	12/96	0.10	0.00	692	2.00	1,922	179	654	2,636	226	1,354	1.10	151
Þormóður Rammi/Sæberg	12/97	0.07	0.00	1,300	1.80	3,544	240	900	5,427	630	2,366	0.30	482
Þormóður Rammi/Sæberg	6/98	na	na	1,293	1.90	1,768	127	1,246	5,596	1,138	2,401	0.40	193